

Tölvumál 2003

Fylgiskjal með fundargerð aðalfundar 29. janúar 2004

Af útgáfunni er það að fréttu að núna er lokið fyrsta starfsári með breyttu sniði, það er að leggja megin áherslu á vefútgáfuna og efnisöflun var miðuð við það. Það var stefnt að því í upphafi að hafa nýjar greinar nokkuð ört en þó þær hafi orðið færri en áætlanir stóðu til þá fengust engu að síður margar greinar um hin fjölbreyttustu málefni. Það stóð síðan til í samræmi við fyrri áætlanir að gefa út Tölvumál á pappír í upphafi sumars en eftir samráð við fagfólk í auglýsingaöflun var fallið frá því og útgáfunni frestað fram á haust. Okkur var sagt að mun vænlegra væri að afla auglýsinga á haustin. Farið var eftir þessu enda var það ánægjuleg þróun að sjá fleiri auglýsingar í blaðinu eftir magurt tímabil og tekjur þar af leiðandi meiri til að standa undir útgáfunni. Við ættum því að vera sátt við okkar hlut enda er alveg feykilega mikið gefið út af tímaritum og því harður slagur um auglýsingatekjurnar. Eins og búið var að plana voru gefnar út í blaðinu nokkrar eldri greinar sem áður höfðu verið á vef okkar og síðan nýtt efni.

Eftir að þessum áfanga var náð var haldið áfram sem fyrr en undir lok nóvember sáum við ástæðu til að stokka nokkuð upp spilin til að skerpa áherslur á efnisöflun og var því tekið upp það kerfi að einstakir efnisflokkar eru teknir í fóstur, ef svo má segja, af einstökum ritstjórnarfulltrúum. Valið var gert í samræmi við sérþekkingu viðkomandi og munum við vinna samkvæmt þessu skipulagi og ef til vill fá fleiri í ritstjórn ef sérfræðing vantar í einhvern flokk. Á sama tíma fórum við að senda út í tölvupósti tilkynningar um nýjar greinar og vekja þannig betur athygli á því ágæta efni sem við fáum í hendur.

En fyrir utan greinaöflun og útgáfu höfum sett aukinn kraft í vefinn og það er með tvennum hætti. Í fyrsta lagi þá eru daglega stuttir fréttabútar um það helsta sem eru um að vera í UT-heiminum, og ætti erindi til okkar hér á landi. Reynt er að vekja athygli á málum sem aðrir fjölmiðlar leiða hjá sér og þannig viljum við skapa okkur sérstöðu. Líkt og með greinaöflunina höfum við nýlega tekið upp skiptingu á þessari vinnu innan ritstjórnar til að fá sem breiðasta sýn á málin.

Hitt sem hefur tekist afar vel og er sérstakt fyrir vefinn okkar er orð vikunnar. Þá er birt nýyrði og fjallað um það á sértakri síðu og tilkynning um orðið í fyrirsögn á forsíðu.

Allt þetta hefur þann tilgang að gera vefinn okkar ferskan, lifandi, fjölbreyttan og sérstakan og þar sem við höfum talningu á fjölda heimsókna ætlum við að fara að vinna úr þeim tölum til að sjá þróunina og höfum það markmið að komast inn á topp 50 listann á Íslandi. Við vitum að þegar atburðir eru tilkynntir koma margir í heimsókn en við stefnum á að sem flestir, helst allir, komi daglega.

Af þessu öllu saman leiðir að við erum í sífelldri endurskoðun með innihald og útlit en fyrir dyrum stendur vinna við að fara yfir það síðarnefnda og gera þær endurbætur og breytingar sem við teljum þurfa. Markaðsmálin eru ekki heldur langt undan, bæði til að vekja athygli á vefnum sem slíkum og eins að þróa tilkynningakerfið til þeirra sem eru á póstlistanum okkar.

Á síðasta ári hættu þeir Ólafur Ingpórsson og Baldur Sigurðsson í ritstjórn og er þeim þakkað fyrir frábært start í þágu Tölvumála en við fengum líka góðan liðsauka sem er hún Hrafnhildur Hreinsdóttir.

Einar H. Reynis ritstjóri Tölvumála